

21. janúar 2025

Fundur í skólaráði

Mætt: Lára Ósk Óttarsdóttir – fulltrúi nemenda, Njörður Njarðarson forstöðumaður félagsmiðstöðvar Sigyn, Kristján Magnússon – fulltrúi starfsmanna, Eygló Hilmarsdóttir – fulltrúi kennara, Elísabet Magnúsdóttir – fulltrúi kennara Þórunna R. Ólafsdóttir – skólastjóri og ritari.

Forföll: Ásgerður Sófusdóttir fulltrúi foreldra, Erla Bára Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra, Baldvin Berndsen fulltrúi grenndarsamfélagsins, Harpa Lind Hermannsdóttir fulltrúi nemenda í 8.b, Karen Thea Theódórsdóttir fulltrúi nemenda í 9.bekk.

Fundarefni:

1. Niðurstöður kannana, rannsóknir og fleira

Kynning á niðurstöðum Skólapúlsins. Skólapúlsinn er lagður fyrir annað hvert ár í Rimaskóla. Í október var könnun lögð fyrir 2. – 5.bekk og farið var yfir niðurstöður. Það sem helst má sjá að skeri út er 5.bekkurinn en hann er almennt fyrir neðan hina árgangana. Þó verðum við að hafa í huga að sá árgangur lenti í erfiðri lífsreynslu þegar nemandi í árganginum lést í september 2024.

Búið er að halda skólaping og þar var meðal annars rætt meðal unglinga símanotkun og ofbeldi. Verið er að útfæra þær hugmyndir sem upp koma og verða sendar á skólaráð.

2. Önnur mál

Rætt um hvernig gengur í nemendaráði og hvað sé fram undan. Njörður fór yfir unglingaping sem félagsmiðstöðin mun senda fulltrúa nemenda á. Góður bragur í unglingadeild og margvíslegar smiðjur í gangi.

Fleira ekki tekið fyrir.

Þórunna Rósa Ólafsdóttir ritaði fundargerð